

Persónuverndarstefna Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun Íslands hefur sett sér persónuverndarstefnu, þar sem kveðið er á um hvernig persónuupplýsingar eru unnar og varðveittar, í hvaða tilgangi og hvernig þeim er miðlað og öryggis þeirra gætt.

Persónuverndarstefnan tekur aðeins til einstaklinga.

Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Sá telst persónugreinanlegur sem tengja má upplýsingar við, svo sem með tilvísun í nafn, kennitölu, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem teljast til einkenna og aðgreina hann frá öðrum. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Ábyrgðaraðili.

Minjastofnun Íslands er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hálfu stofnunarinnar. Stofnunin er til húsa að Suðurgötu 39, 101 Reykjavík.

Sími stofnunarinnar er 570-1300 og netfang hennar er postur@minjastofnun.is

Persónuverndarfulltrúi.

Minjastofnun hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa. Netfang persónuverndarfulltrúans er personuvernd@minjastofnun.is. Einnig er unnt að senda bréf til stofnunarinnar en þá skal umslagið merkt persónuverndarfulltrúa.

Tilgangur og heimild til vinnslu persónuupplýsinga.

Minjastofnun Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 80/2012. Minjastofnun Íslands er stjórnslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga nr. 80/2012 um menningarminjar. Hlutverk stofnunarinnar er að:

- a. hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum,
- b. vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfs ásamt fagnefndum,
- c. setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja,
- d. halda heildarskrár um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðuð og friðlýst hús og mannvirki,
- e. gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar,
- f. ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur,
- g. setja reglur og skilyrði um rannsóknir fornleifa sem hafa jarðrask í för með sér og hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum í landinu,
- h. fjalla um og veita leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér,
- i. framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, svo sem neyðarrannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir,
- j. hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa,
- k. úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra,

- l. hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum,
- m. ákveða aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd,
- n. annast framkvæmd laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa,
- o. setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra,
- p. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Til þess að sinna lögskipuðum verkefnum sínum er stofnuninni nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar einstaklinga. Verkefni stofnunarinnar, sem krefjast vinnslu persónuupplýsinga, byggja því aðallega á lögum. Meðal laga sem Minjastofnun starfar eftir eru:

- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Lög nr. 160/2010 um mannvirki.
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993.
- Lög nr. 57/2011 um skil menningarverðmæta til annarra landa.
- Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð.
- Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tegundir persónuupplýsinga og vinnsla þeirra.

Minjastofnun vinnur með persónuupplýsingar eins og:

- Auðkenni einstaklinga, t.d. nafn og kennitölu.
- Búsetustað og samskipta upplýsingar, t.d. póstfang, heimilisfang, netfang og símanúmer.
- Fjárhagslegar upplýsingar, t.d um eignarhald á fasteign og fjárhagsáætlanir vegna umsókna í fornminja- og húsafriðunarsjóð.

Vinnsla persónuupplýsinga felur m.a. í sér að stofnunin safnar, skráir, geymir, eyðir, afhendir og aðlagar upplýsingar.

Hvaðan berast persónuupplýsingar?

Minjastofnun fær upplýsingar aðallega frá einstaklingunum sjálfum þegar þeir leggja fram umsóknir til Minjastofnunar, fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar. Nefndin aflar persónuupplýsinga frá opinberum aðilum við málsmeðferð vegna umsókna, fyrirspurna og annarra erinda, m.a.:

- Öðrum ríkisstofnunum, s.s. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands/HMS.
- Sveitarfélögum

Til hverra er persónuupplýsingum miðlað?

Minjastofnun afhendir persónuupplýsingar til annarra stofnanna þegar lög mæla svo fyrir, t.d. þegar

Minjastofnun afhendir skipulags- og byggingaryfirvöldum persónuupplýsingar við meðferð umsagnabeiðna.

Minjastofnun birtir úthlutun styrkja samkvæmt lagaskyldu. Úthlutun er birt á vefsíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is. Þar kemur fram hver fékk styrkúthlutun, að hvaða fjárhæð og til hvaða verkefnis.

Réttindi manna samkvæmt persónuverndarlöggjöf.

1. Aðgangsréttur

Einstaklingur á rétt á að fá aðgang að og afrit af öllum persónuupplýsingum sem stofnunin vinnur um hann. Í sumum tilvikum geta undantekningar frá réttinum átt við, s.s. vegna réttinda annarra sem veða skulu þyngra.

Réttur á aðgangi að gögnum máls getur einnig byggst á stjórnslu- eða upplýsingalögum. Aðili máls á rétt á gögnum er mál hans varðar, samkvæmt 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Þá er skylt að veita aðila sjálfum aðgang að fyrirliggjandi gögnum ef þau hafa að geyma upplýsingar um hann sjálfan, samkvæmt 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

2. Réttur til leiðréttingar

Einstaklingur á rétt á því að fá persónuupplýsingar um sig leiðréttar, sem hann telur rangar. Þá getur maður einnig beðið stofnunina um að bæta upplýsingum við þær persónuupplýsingar sem stofnunin hefur um mann og hann telur ófullnægjandi.

3. Réttur til eyðingar / rétturinn til að gleymast

Rétturinn til eyðingar eða rétturinn til að gleymast á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá stofnuninni þar sem hún er bundin að lögum um opinber skjalasöfn til að varðveita allar upplýsingar sem henni berast. Í persónuverndarlögum er sérstaklega tekið fram að réttur til eyðingar persónuupplýsinga og til að gleymast eigi ekki við þegar lög mæla fyrir um að upplýsingarnar skuli varðveittar.

4. Kvartanir vegna vinnslu persónuupplýsinga

Einstaklingur getur lagt fram kvörtun til Persónuverndar sem fer með eftirlitshlutverk á sviði persónuverndar, sjá heimasíðu stofnunarinnar: <http://www.personuvernd.is/>.

Öryggismál.

Til að tryggja öryggi upplýsinga eru þær varðveittar á tryggum stað og engin óviðkomandi hefur aðgang að þeim. Persónuupplýsingum er eingöngu deilt með þriðja aðila á grundvelli lögskipaðra verkefna sem eiga sér stoð í viðeigandi lögum.

Tölvukerfi stofnunarinnar eru rekin af Advania. Advania er með vottun frá British Standards Institution (BSI) um að félagið hafi innleitt stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem uppfyllir kröfur ÍST ISO/IEC 27001 – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi-staðalsins. Advania hefur sett sér stefnu í upplýsingaöryggismálum. Þá er öryggisstjóri starfandi hjá Advania ásamt tækni- og upplýsingaöryggisstjóra og upplýsingaöryggisnefnd.

Þá hvílir þagnarskylda á öllu starfsfólki Minjastofnunar samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Varðveislutími.

Minjastofnun hagar skjalamálum málum sínum í samræmi við lög nr. 77/2014, um opinber skjalasöfn. Af því leiðir að óheimilt er að eyða skjölum og gögnum sem berast stofnuninni eða verða til hjá henni, nema að fengnu leyfi Þjóðskjalasafns Íslands. Skjölum og gögnum er skilað til Þjóðskjalasafn Íslands, þar sem þau eru geymd til framtíðar.

Upplýsingar um starfsmenn og umsækjendur um störf

a. Starfsmenn

Minjastofnun vinnur með persónuupplýsingar um starfsmenn sína til að geta greitt þeim laun fyrir störf sín. Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar til að geta greitt laun, s.s. tengiliðaupplýsingar, launaflokkur, tímaskráningar, skattþrep, stéttarfélagsaðild, bankaupplýsingar, lífeyrissjóðsupplýsingar og skuldir við innheimtumann ríkissjóðs. Einnig geta aðgerðir starfsmanna í málaskrár- og tölvukerfum stofnunarinnar, verið skráðar í aðgerðaskrá. Aðrar upplýsingar eru tengdar starfslýsingu starfsmanns.

Heimilt er að vinna framangreindar upplýsingar þar sem það er nauðsynlegt til að efna samning sem hinn skráði er aðili að, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. pvrgr., sbr. 2. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018. Heimilt er að vinna upplýsingar um stéttarfélagsaðild á grundvelli samþykkis starfsmanns, sbr. a-lið 9. gr. pvrgr., sbr. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018. Öllum starfsmönnum er frjálst að gefa upp hvort, og þá í hvaða stéttarfélag, þeir eru skráðir og hefur það engin áhrif á ráðningar í störf hjá stofnuninni.

b. Umsækjendur um störf

Minjastofnun vinnur með persónuupplýsingar um einstaklinga þegar þeir sækja um starf hjá stofnuninni. Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar við mat umsókna, s.s. tengiliðaupplýsingar, ferilskrá, kynningarbréf, upplýsingar um menntun, niðurstöður úr ráðningarviðtölum, umsagnir þriðja aðila og önnur samskipti við umsækjendur.

Heimilt er að vinna framangreindar upplýsingar þar sem það er nauðsynlegt til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður, sbr. b-lið 1. mgr. 6. gr. pvrgr., sbr. 2. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018.